Samþykkt þann
09. DES. 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði




grunnmynd rýmis 0102 - mhl 01 / 1:100

Dalshraun 13, Hafnarfirði - Fastanr. 2359962, leigurými 0102 í mhl 01.

(Stgr. 1400-1-17100130) - Landnr. L120265 - Matshluti 01.

Byggingarlýsing:

Almennt:

Um er að ræða eitt rými (0102) í mhl 01 í Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Sótt er um byggingarleyfi til að breyta og endurinnrétta veitingahús í flokki II - tegund C, samkvæmt Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald $\frac{1277}{2016}$, fyrir Fönix-restaurant. Í starfseminni verður boðið upp á matarveitingar. Aðeins er um innahússhönnun innan rýmis að ræða.

Aðal inngangur í rýmið verður á horni frá Fjarðarhrauni, en starfsmannainngangur og aðföng eru frá Dalshrauni. Fjöldi starfsmanna eru að jafnaði 4. Aðkoma starfsmanna er um starfsmanna inngang. Fjöldi gesta í veitingasal er max. 15 manns. Opnunartími er frá 11-23 alla daga vikunnar.

Algild hönnun: Veitingasalurinn er hannaður með tilliti til algildrar hönnunar, að undanskyldu rými ætluðu fyrir starfsmanna aðstöðu og lager. Hindrunarlaus umferðarbreidd dyra þar sem krafist er algildrar hönnunar er að minnsta kosti 0,83 m.

Byggingarefni:

Byggingin er steinsteypt mannvirki. Innveggir verða almennt léttir gifs innveggir byggðir á blikkstoðum og einangraðir með steinull. Allir brunahólfandi veggir skulu uppfylla kröfur um brunavarnir samkvæmt því sem fram kemur á grunnmynd. Gólf í sal eru með harðparketti. Önnur gólf eru með viðurkenndu málningarkerfi. Loft í sal eru upptekin og svartmáluð. Loft í vinnslusal og bakrými eru niðurtekin. Gert er ráð fyrir að öll tæknikerfi s.s. lofræstikerfi verði sýnileg og máluð svört eins og loftið sjálft.

Heilbrigðis og hollustumál:

Flokkun veitingastaðar: Um er að ræða veitingastað í flokki II (reglugerð 1277/2016).

Framreiðing matvæla er með tvenns konar hætti: Allir drykkir og matur er borinn fram í einnota endurvinnanlegum umbúðum, þ.m.t. pappír, skeiðar bakka og bollar.

Fataskiptaaðstaða starfsfólks: Verður aflokuð frá öðrum rýmum, með læsanlegum fataskápum fyrir fjölda starfsmann á hverri vakt. Í aðstöðunni verður aðstaða til að geyma hreinan starfsmannafatnað á þann máta að tryggt verður að engin krossmengun verði frá persónulegum fatnaði starfsmanna. Eitt salerni er fyrir starfsmenn og eitt fyrir viðskiptavini.

Annað:

Tómar, notaðar drykkjarvöru eða matarumbúðir verða aðskyldar frá lagerrými fyrir þurrvöru og matvælaumbúðir. Slíkum umbúðum er safnað til skamms tíma í senn í þar til gerð lokuð ílát, sem síðan eru tæmd, þrifin og komið fyrir í sorpgerði.

Frystir, kælir og þurrvörulager eru í einu aflokuðu, loftæstu rými skv. teikningu. Allar handlaugar eru frístandandi með handfrjálsum blöndunartækjum og veggföstum skömmturum fyrir handsápu, gerileyði og pappírsþurrkur.

Sorp:

Almennt sorp frá starfseminni er flokkað. Sorpgerði er staðsett á lóð, bak við hús. Sorpgerðið er byggt úr efnum í flokki 1. Daglegum sorpumbúðum er safnað til skamms tíma í senn í þar til gerð lokuð sorpílát, sem síðan eru tæmd og þrifin á max. þriggja tíma fresti. Þaðan er sorpinu rennt á þar til gerðri trillu og það flokkað í sorpgerðið.

Skilti: Skilti verða útfærð í samráði við byggingarfulltrúa..

Lagnakerfi:

Loftræsing frá eldhúsi verður um háf, útsog frá eldhúsi er leitt í sjálfstæðum heilsoðnum stokk út úr húsi. Loftstokkurinn þjónar aðeins þessu eldhúsi. Að öðru leiti er loftræsing rýma annars vegar náttúruleg loftræsing um opnanleg fög og hins vegar vélrænn innblástur/útsog skv. byggingareglugerð.

Gaslagnir:

Gaslagnir eru útfærðar í samræmi við leiðbeiningar Húsnæðis og Mannvirkjastofnunar og gildiandi reglur. Gaskútageymsla er staðsett a.m.k. 3 m frá frárennslisbrunn og 1 m frá næsta glugga. Nærliggjandi hús eru öll steypt. Umhverfis gaskútageymslu verðu steypt gerði í flokki 1, með EI-60 brunamótstöðu, bæði veggir og þak.

Rafkerfi:

Raflagnir verða að mestu utanáliggjandi í hlífðarrörum og á netbökkum. Ein dreifitafla verður í rýminu, staðsett á gangi inn af eldhúsi.

Brunavarnir:

Hefðbundnir reykskynjarar verða á veitingastaðnum og í bakrýmum. Útsog frá eldhúsháfum er leitt um heilsoðinn eldvarnareinangraðan loftstokk sem liggur órofinn frá eldhúsi upp á þak hússins. Loftstokkurinn þjónar aðeins þessu eldhúsi.

Reiknað er með hámarksfjölda 15 manns. Út úr rekstrareiningu er tvær óháðar flóttaleiðir í gagnstæðar áttir. EI-60 brunahólfun milli óskyldra rekstrareininga er sýnd á aðaluppdrætti. Neyðarlýsing, sjálflýsandi merkingar og útljós eru í rýminu í samræmi við byggingarreglugerð. Staðsetning útljósa er sýnd á aðalteikningu.

Í húsinu eru handslökkvitæki, staðsett skv. uppdrætti. Reyklosun er út um dyr og glugga í rýminu.

Þjónustusamningur skal gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (reykskynjurum, slökkvitækjum, út- og neyðarlýsingu).




afstöðumynd / 1:1000

SKÝRINGAR:

| | | |
|---|---|---|
| GN | = | Gólfniðurfall |
| VLR | = | Vélknúin loftræsting |
| HL | = | Handlaug |
| RV | = | Ræstivaskur |
| EV | = | Eldhúsvaskur |
| UÞV | = | Uppþvottavél |
| ÁV | = | Tækja og áhaldavaskur |
| MV | = | Matvælavaskur |
| HSL | = | Handslökkvitæki |
| ÚT ▶ | = | Flóttaleið |
| [R] | = | Reykskynjari |

SHS
3.12.2020

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
10/12 2020

Tilheyrir aðeins umsókn (rými 0102)

Teikning er byggð á teikningum Jóns M. Kristinssonar hjá Strendingi frá 11.03.2016 og samþykkt af byggingarfulltrúa 20.04.2016.
Einnig uppmælingum á staðnum.

Breyting 23.11.2020:
Breyting á innra fyrirkomulagi rýmis nr. 102 í mhl 01.
Komið fyrir salerni fyrir viðskiptavini og innréttingum/tækjum lítillega breytt.
Komið fyrir gaskútageymslu utanhúss.


**mansard**
teiknistofa ehf
Ármúli 4, 1.hæð - 108 Reykjavík
www.mansard.is - jonhrafn@mansard.is
Kt.: 570394-2079 - s:862-7102


| | |
|---|---|
| Verkheiti: DALSHRAUN 13 - HAFNARFIRÐI | |
| Efni: AÐALUPPDRÁTTUR<br>AFSTÖÐUMYND - GRUNNMYND - BYGGINGARLÝSING | |
| Verknúmer: A-20-11-04 | Mkv.: 1:100 - 1000 A2 |
| Teikn. nr.: A-01 | Dags.: 17.11.2020 |
| Hannað: JHH | Teiknað: JHH |
| Jón Hrafn Hlöðversson byggingafræðingur BFÍ<br>Kt.: 260662-6519 | |
| Samþykkt: | |